



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 14. nóvember 2023

Efni: Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

I. Almenn

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 212/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Samantekt yfir helstu ábendingar SI:

1. Frekari skýringa er þörf á ákvæðum 11. gr., þ.m.t. inntaki þess ákvæðis, hugtökum og draga úr hættu að ákvæðis standi í vegi fyrir grænni nýsköpun og umhverfisvænum breytingum hjá fyrirtækjum.
2. Tekið verði til skoðunar að innleiða jafnt undanþáguheimildir 27. gr. a. ETS-tilskipunar jafnt á við ákvæði 27. gr. sömu tilskipunar.
3. Gagnrýnd er óskýrleiki hvað varðar boðaðan nýsköpunarsjóð í drögunum.
4. Gagnrýnd er víðtæk innleiðing refsheimilda og sú ætlun að nota nær öll verkfærin í verkfæraakistu viðurlagasmiða, m.a. stöðvun starfsemi, dagsektir sem ekki falla niður við efndir, stjórnvaldssektir og refsingar.
5. Gagnrýni í víðtækar gjaldtökuheimildir og óskýrleika þeim tengt, s.s. liggur ekki fyrir með skýrum hætti til hvaða ákvæða ETS-tilskipunar ESB lagastoð er sótt fyrir innheimtu þessara þjónustugjalda.
6. Samhliða því að hafa skilning á því að leiða þarf hér í lög þær gerðir sem eru hluti af EES-samningnum hafi við upptöku viðskiptakerfisins ekki verið tekið meira tillit til aðstæðna hér á landi þar sem viðskiptakerfið mun draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja
7. Loks er gagnrýnt að hvergi er að finna tæmandi umfjöllun um hvernig ETS-kerfið horfir við íslenskum rétti, s.s. samspil við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og að ekki hefur verið tekin afstaðan til þess hvort greiðsla aðila, samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins, án sérgreinds endurgjalds, horfir við með hliðsjón af sígildum meginreglum um tekjuöflun ríkisins.

Í kynningu um málið segir að frumvarpsdrögin feli í sér innleiðingu þriggja EES-gerða sem gert er ráð fyrir að verði samþykktar af sameiginlegu EES-nefndinni í desember nk. Í gerðunum felast breytingar á ETS-kerfinu vegna herts markmiðs ESB um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 en ESB gerir ráð fyrir 62% samdrætti í losun



frá þeim geirum sem falla undir ETS-kerfið. Til að því markmiði verði náð verður losunarheimildum í ETS-kerfinu fækkað hraðar, dregið úr endurgjaldslausri úthlutun losunarheimilda, starfsemi sjóflutninga verður felld undir kerfið og nýtt hliðstætt ETS-kerfi verður sett á fót, svokallað ETS2-kerfi sem mun ná utan um losun frá byggingum, vegasamgöngum og smærri iðnaði.

SI óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað fyrirliggjandi drög að frumvarpi varðar.

II. 11. gr. frumvarpsdraganna

Fyrir það fyrsta hafa SI fram að færa ábendingar hvað varðar 11. gr. í fyrirliggjandi drögum þar sem kveðið er á um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda. Í umræddu ákvæði segir m.a. í **3. mgr.** ákvæðisins eftirfarandi:

Umhverfisstofnun skal draga úr úthlutun losunarheimilda um 20% til rekstraraðila sem er skylt að undirgangast orkuúttekt skv. reglugerð sem ráðherra setur sbr. 12. gr., ef viðkomandi rekstraraðili hefur ekki farið eftir tilmælum samkvæmt orkuúttekt eða framkvæmt sambærilegar ráðstafanir.

Hvað þessa tilvísun varðar benda SI á að félagsmenn samtakanna, sem undirsett eru regluverki ETS-kerfisins, hafa ekki fengið nánari kynningu á því hvað þessi breyting felur í sér eða til hvaða fyrirtækja og/eða greina þessi breyting tekur til. Er hér um að ræða umfangsmikla breytingu frá núverandi kerfi og telja SI æskilegt að fyrir liggi nánari skýringar um þetta atriði og/eða að samráð hafi átt sér stað við þau fyrirtæki sem kunna að falla hér undir.

Hvað umrædda orkuúttekt varðar benda SI á að í athugasemdum við umrædda 11. gr. segir m.a. eftirfarandi:

Skilyrði um orkuúttekt koma fram í tilskipun 2012/87/ESB um orkunýtni sem tilskipun 2023/1791 um orkunýtni mun fella úr gildi frá og með 12. október 2025[. T]ilskipun um orkunýtni hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en verður væntanlega tekin upp í samninginn á næstu misserum.

Samkvæmt þessu hefur umrædd orkuúttekt enn ekki komið til framkvæmda hér á landi og því um nýmæli að ræða. Vísast hér aftur til þess sem að framan segir um mikilvægi þess að tryggja samtal og samráð við innleiðingu á slíkri kvöð, þ.e. kvöð sem grundvallast á innleiðingu viðkomandi tilskipunar í EES-samninginn sem enn hefur ekki farið fram. Því kann að vera til staðar lagatæknileg óvissa um innleiðingu á umræddri tilskipun og/eða einstökum ákvæðum hennar sem og hugsanlegri breytingu eða aðlögun á þeirri tilskipun, í heild eða hluta.

Að gefnu tilefni áréttar SI hér leiðbeiningar sem fram koma í álitum umboðsmanns Alþingis í máli sínu nr. 2009/1997, þar sem segir að borgararnir eigi rétt á því að stjórnvöld afgreiði mál þeirra svo fljótt sem verða megi, á grundvelli þeirra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem



Í gildi eru þegar þeir bera fram erindi við stjórnvöld. Af þessu álitni má draga þá ályktun að stjórnvöld verði þar af leiðandi að taka ákvarðanir á grundvelli núgildandi réttarheimilda og kann tilvísun til réttarástands sem, hugsanlega, kemst á síðar meir, og óvissa er uppi um endanlega innleiðingu í EES-samninginn s.s. hvað varðar mögulega aðlögun, undanþágu eða aðra breytingu þar á, að skapa ákveðna réttaróvissu eða ómöguleika.

Því næst benda SI á ákvæði **6. mgr. 11. gr.** frumvarpsdraganna þar sem segir eftirfarandi:

Aðlaga skal úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda að breytingum á starfsemissstigi. Útreikningar slíkrar aðlögunar skulu grundvallast á árlegri skýrslu um breytingar á starfsemissstigi sem rekstraraðila ber að skila.

SI benda á að kvaðir þessar eru að, og munu að óbreyttu, valda fyrirtækjum sem standa að umhverfisvænum umbótum í starfsemi sinni verulegum vandkvæðum. Þannig eru dæmi þess að fyrirtæki standa nú í þeirri metnaðarfullu vegferð að auka hlut lífrænna kolefnisgjafa í framleiðsluferli sínu með það að markmiði að draga úr losun frá starfsemi sinni. Þær umbætur í starfseminni minnka umrætt *starfsemissstig* sem í eðli sínu er jákvæð þróun. Hins vegar, samhliða samdrætti í losun, er veruleg hættu að skapast á því að þau fyrirtæki verði fyrir skerðingu á endurgjaldslausum losunarheimildum þar sem nettó losun þessara aðila er minni en ella. Því kann það að orka verulega tvímælis að fyrirtækjum skuli refsað vegna jákvæðs árangurs í umhverfismálum og skora SI því á ráðuneytið að taka málsgrein þessa til endurskoðunar með það að markmiði að koma á raunverulegum hvötum til að draga úr losun í stað refsingar á þessa vegu.

SI ítreka hér að eitt af markmiðum ETS-tilskipunar ESB er að úthlutun endurgjaldslausra heimilda standi ekki í vegi fyrir framþróun, þ.e.a.s. samdrætti á losun, og mikilvægt að lagasetning héraðs hrófla ekki við því markmiði eða leggi hindranir í veg fyrir græna nýsköpun.

III. Umfjöllun í greinargerð með frumvarpsdrögum

SI telja einnig ástæðu til að vísa aftur til athugasemda við 11. gr. í drögum en á bls. 40 segir m.a. annars eftirfarandi:

*Að auki á að styrkja enn frekar hvata fyrir stöðvar með mikið umfang losunar á gróðurhúsalofttegundum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þessu skyni mun úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til 20% af þeim staðbundnu stöðvum sem eru með mesta losun samkvæmt árangursviðmiði frá og með árinu 2026, vera bundin því skilyrði að þær taki saman **loftslagshlutleysisáætlanir** og komi þeim til framkvæmda.*

SI benda á að einstaka fyrirtæki hafa nú þegar gert metnaðarfullar áætlanir, sbr. m.a. umfjöllun í Loftslagsvegvisi atvinnulífsins, á þá vegu að auka hlut lífrænna kolefna og draga þannig samhliða jafnt úr notkun jarðefnaeldsneytis og losun samhliða þeirri umbreytingu. Hins vegar er sú staða uppi að aðrar aðgerðir hafa enn sem komið er ekki



verið fullreyndar á iðnaðarskala, s.s. kolefnisföngun sem er þar að auki verulega kostnaðarsöm í dag, en er samt hluti af framtíðaráformum fyrirtækja. Að mati SI þarf því að vera skýrt í lagatexta og skýringum við viðkomandi lagaákvæði að mótvægisáðgerðir tengdar aukinni notkun lífrænna kolefna falli hér undir hugtakið *loftslagsáætlanir*. Öll óvissa um þá aðgerð getur sett jákvæða umbreytingu í framleiðsluferlum í uppnám sem vinnur gegn áætlunum um kolefnishlutleysi.

Því næst benda SI á umfjöllum um sama ákvæði á bls. 41. þar sem segir eftirfarandi til skýringar á 6. mgr. 11. gr.:

Samkvæmt 6. mgr. sem er innleiðing á 20. mgr. 10. gr. a ETS tilskipunarinnar, kemur fram að aðlaga skuli úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda að breytingum á starfsemissstigi en starfsemissstig er meðalvirkni starfsstöðvar á hverju ári.

Er umfjöllun þessari ætlað, án alls vafa, að skýra nánar umrætt starfsemissstig sem m.a. er getið í 6. og 7. mgr. ákvæðisins. SI benda hins vegar á að skilgreining þessi eða skýring er ekki að finna í núgildandi regluverki. Telja SI þar að auki að framangreind skýring nái ekki að tæma umfjöllun um þetta nýmæli. Því er frekari skýringa þörf til að tryggja rétta og samræmda beitingu þessa hugtaks. Má því draga þá ályktun, í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er um nánari skilgreiningu þessa hugtaks, að það að starfsstöð noti lífræna kolefnisgjafa, sem dragast frá losun í ETS-kerfinu, feli þá ekki í sér breytingu á starfsemissstigi samkvæmt núverandi athugasemdum við 6. mgr. 11. gr. frumvarpsdraganna, og á þar af leiðandi ekki að hafa áhrif á úthlutun.

IV. Undanþáguheimildir

SI benda á að í núverandi loftslagslögum er að finna ákvæði 14. gr. a. sem kveður á um undanþágu fyrir starfsstöðvar með árlega losun undir 25.000 tonnum af koldíoxíði. Gert er ráð fyrir því að ákvæði þetta verði tekið upp í boðuðum lagabreytingum, sbr. ákvæði **21. gr.** frumvarpsdraganna. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið er um að ræða heimild sem er í samræmi við 27. gr. ETS tilskipunarinnar.

Að gefnu tilefni benda SI á að núgildandi lög hafa þó ekki að geyma undanþáguheimild í samræmi við ákvæði 27. gr. a. í umræddri tilskipun, sem gerir aðildarríkjum heimilt að veita **undanþágu fyrir starfsstöðvar sem losa undir 2.500 tonn af koldíoxíði árlega**. Af fyrirbyggjandi drögum má ráða að íslensk stjórnvöld ætli ekki að nýta þá heimild í nýju regluverki um viðskiptakerfi með losunarheimildir. Heimild þessi felur í sér ýmislegt hagræði, s.s. að heimila einfaldara eftirlit, og er því um að ræða heimild sem getur varðað íslensk fyrirtæki miklu í lágmarkun kostnaðar og umsýslu, sem og sparað Umhverfisstofnun sjálfri kostnað og umsýslan.

SI leggja því til við ráðuneytið að boðað frumvarp endurspegli orðalag tilskipunarinnar um báðar þessar heimildir, þ.e. 27. gr. og 27. gr. a. og að reglugerð nr. 633/2021 um starfsstöðvar undanskildar gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir, verði uppfærð til samræmis.



V. Nýsköpunarsjóður

SI telja ákvæði **23. gr.** um reglugerð um starfsemi nýsköpunarsjóðs óljóst og óska eftir frekari skýringum á því hvað það felur í sér.

Almennt, hvað varðar tækniþróun og fjárfestingu í lausnum sem draga úr losun vilja SI þó leggja áherslu á að það fjármagn sem fyrirtæki hér á landi leggja inn í ETS kerfið ætti að renna aftur í loftslagstengd verkefni.

Benda SI á að þegar lög um loftslagsmál voru sett árið 2012 var gert ráð fyrir að framlög í loftlagssjóð væru tengd tekjum ríkisins af uppboðum á losunarheimildum innan viðskiptakerfis ESB. Þessu ákvæði var breytt árið 2014 og tekjur sjóðsins eiga að vera ákvarðaðar með fjárveitingum í fjárlögum ár hvert. Samtökin telja að jafngildi tekna ríkisins af viðskiptakerfi ESB ættu að renna í loftlagssjóð, eins og tíðkast víðast hvar í Evrópu.

SI hafa ítrekað mikilvægi þess að tryggja að gagnsæi sé hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til verkefna sem sannarlega draga úr losun. Að mati samtakanna er verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla sem nú er uppi, þar sem innheimt umhverfis- og kolefnisgjöld renna ekki í slík verkefni, til að skapa traust og ná árangri. Vísa samtökin hér máli sínu til stuðnings til ábendinga í [skýrslu OECD](#) frá árinu 2019 þar sem segir, á bls. 35, eftirfarandi:

„To address distributional concerns, to avoid an unwarranted increase in the tax burden and to overcome political economy obstacles, CO2-tax proceeds could partially or fully be reimbursed to businesses and citizens, as done in Switzerland“.

Úrbóta er þörf til að auka á skýrleika á milli innheimtra umhverfisgjalda og hvernig þeim er ráðstafað og skora SI á ráðuneytið að bæta þar úr hvað umrædda 23. gr. varðar. ásamt því að skýra betur hvað ákvæðið felur í sér almennt.

VI. Refsiákvæði frumvarpsdraganna

SI telja ástæðu til að fjalla sérstaklega um viðurlagaákvæði í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum en þannig er með einum eða öðrum hætti kveðið á um viðurlög vegna vanefnda á þeim skyldum sem felldar verða á atvinnulífið í:

- 4. mgr. 10. gr.: Afturköllun losunarleyfis.
- 2. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr.: Áætlun losunar og skilaskylda mismunar.
- 3. mgr. 12. gr.: Framsalsbann losunarheimilda.
- 16. gr.: Lokun aðgangs að reikningi í skráningarkerfinu.
- 17. gr.: Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum.
- 29. gr.: Dagsektir sem falla ekki niður fram að efndadegi.
- 30. gr.: Stöðvun á flutningi losunarheimilda í skráningarkerfi.
- 31. gr.: Stjórnvaldssektir.
- 32. gr.: Opinber birting nafna.



- 1. mgr. 33. gr.: Stöðvun starfsemi.
- 2. mgr. 33. gr.: Krafa um framsetningu tryggingar og löghald.
- 3. mgr. 33. gr.: Skipun um brottvísun.
- 3. mgr. 33. gr.: Aðgangsbann.
- 3. mgr. 33. gr.: Farbann.
- 4. mgr. 33. gr.: Brottvísun.
- 6. mgr. 33. gr.: Sektir eða fangelsi vegna upplýsingagjafar. Hlutlægt refsiskilyrði skv. 7. mgr. 33. gr. Tilraun og hlutdeild refsinnæm skv. 8. mgr. 33. gr.

Af yfirferð yfir frumvarpsdrögin má ráða að verulega stór hluti efnis þeirra tekur með einum eða öðrum hætti á þvingunarúrræðum, stjórnsluviðurlögum og refsiviðurlögum vegna vanefnda á skyldum og í ýmsu tilliti án tillits til þess hvort ásetningur hefur legið að baki eða einfaldar yfirsjónir. Í þessu samhengi er rétt að taka upp ákvæði ETS-tilskipunar ESB sem varða þvingunarúrræði og viðurlög. Leiða skuldbindingar ríkisins til innleiðingar ákvæða sem fela í sér þvingunarúrræði eða viðurlög enda af þeirri tilskipun.

Hins vegar er í 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar að finna þá meginreglu að aðildarríkjunum sé skylt að lögfesta viðurlagaheimildir vegna brota gegn ákvæðum landslaga sem fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar. Er það orðað svo að aðildarríkin skuli grípa til allra ráða til að tryggja að farið verði eftir slíkum ákvæðum en viðurlögin skuli hafa virkni, vera viðeigandi og letja menn til brota. Skyldur aðildarríkjanna snúa ekki aðeins að löggjöf heldur framkvæmd. **Hér á landi virðist ætlunin hins vegar vera sú að nota nær öll verkfærin í verkfærakistu viðurlagasmíða, m.a. stöðvun starfsemi, dagsektir sem ekki falla niður við efndir, stjórnvaldssektir og refsingar.** Velta má fyrir sér hvernig sú útfærsla samræmist sjónarmiðum um meðalhóf og hvort ekki sé lögð full rík áhersla á varnaðaráhrif. Átelja SI þessa vegferð frumvarpshöfunda og skora samtökin á ráðuneytið að þessi ákvæði til endurskoðunar, m.a. að teknu tilliti til umfjöllunar og ábendingar á tilskipun ESB.

VII. Gjaldtaka

Að gefnu tilefni vekja SI athygli á gjaldtökuheimild samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpsdrögum og í því samhengi vísast hér til **27. gr.** draganna sem bera með sér ríka tilhneigingu til að fella á atvinnulífið allan kostnað vegna umsýslu hvað varðar losunarheimildir. Er í ákvæðinu getið um í 16. töluliðum heimild til innheimtu þjónustugjalda þar sem síðasti liðurinn er þar að auki opinn heimild sem orðast á eftirfarandi hátt:

Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir eftirfarandi verkefni sem stofnunin innir af hendi [...] Önnur verkefni sem mælt er fyrir um í lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

Af þessu skapast óneitanlega sú hætta að frumvarpsdrögunum sé ætlað að skapa verulegar sértekjur fyrir ríkissjóð. Vekur þetta verulega furðu þar sem þeir hvatar sem ETS-kerfinu er ætlað að undirbyggja endurspeglast í verði losunarheimilda á markaði en



ekki í þjónustugjöldum. Þá liggur ekki fyrir með skýrum hætti til hvaða ákvæða ETS-tilskipunar ESB lagastoð er sótt fyrir slíkri innheimtu þjónustugjalda.

VIII. Niðurlag

Við innleiðingu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er óhjákvæmilegt að benda á sérstöðu Íslands. Eins og kunnugt er nýtur Ísland þeirrar sérstöðu, ólíkt flestum aðildarríkjum ESB, að vera auðugt af endurnýjanlegum orkuauðlindum. Af þeim sökum er Ísland þegar tengt sjálfbærni í hugum fólks víða um heim en þau fyrirtæki sem viðskiptakerfi ESB er ætlað að taka til njóta ekki þessarar sérstöðu.

Þannig er ljóst að orkubúskapur í aðildarríkjum ESB er ekki knúinn með hreinni og endurnýjanlegri orku eins og raunin er að mestu hér á landi – m.ö.o. fyrirtæki á meginlandi Evrópu hafa ekki aðgang að hreinni orku með sama hætti og t.a.m. PCC Bakki hefur hér á landi. Við innleiðingu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er mikilvægt að þetta liggja fyrir.

Með fyrirliggjandi frumvarpsdrögum var því lagt fram fylgiskjal sem er ætlað að greina frekar þau áhrif sem samþykkt frumvarpsins kann að hafa í för með sér. Það vekur furðu að þar er lítið fjallað um áhrif þess á atríði sem skipta máli en t.a.m. mun frumvarpið hafa áhrif á útflutning vara framleiddum hér á landi enda fyrirséð að kostnaður við skipasiglingar mun aukast eftir innleiðingu viðskiptakerfisins að fullu. Að mati SI þarf að greina þessi áhrif betur en gert hefur verið og afleiðingar þeirra á hinar dreifðari byggðir. Margir af stærstu vinnuveitendum á landsbyggðinni eru fyrirtæki sem framleiða vörur til útflutnings og keppa því á alþjóðlegum mörkuðum, og eru mörg aðildarfyrirtæki SI þar á meðal. Með samþykkt frumvarpsins mun rekstrarkostnaður þessara aðila aukast þar sem síðasti hluti virðisveðju framleiðslunnar, þ.e. flutningur vörunnar á markaði í Evrópu og víðar, mun verða mun dýrari en hann hefur verið hingað til. Þetta mun draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja sem selja vöru sína á alþjóðlegum mörkuðum.

SI hafa skilning á því að leiða þarf hér í lög þær gerðir sem eru hluti af EES-samningnum en við upptöku viðskiptakerfisins þurfi hins vegar að taka meiri tillit til aðstæðna hér á landi þar sem viðskiptakerfið mun draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Þá telja SI að stjórnvöld þurfi að grípa til frekari aðgerða til samræmis við aðrar aðgerðir ESB í loftlagsmálum til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og tryggja að þau starfi á grundvelli sömu reglna og gilda á öllu EES-svæðinu.

Verður því ekki komist hjá því að benda á að hvergi í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er að finna tæmandi umfjöllun um hvernig ETS-kerfið horfir við íslenskum rétti. Því virðist t.a.m. ekki verið velt upp hvort það að löggjafinn taki ákvörðun um að skylda hóp, sem er þar að auki lítt eða illa skilgreindur, til að eyða fé í kaup á óefnislegri afurð á markaði, þ.e. losunarheimildum, og skila henni til ríkisins, undir kringumstæðum þar sem sjálft ríkið mun hafa tekjur af sölu slíkra afurða, horfir við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki hefur heldur verið tekin afstaðan til þess hvort slík greiðsla, samkvæmt einhliða



ákvörðun ríkisvaldsins, án sérgreinds endurgjalds, horfir við með hliðsjón af sígildum meginreglum um tekjuöflun ríkisins.

SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála